

**Námsáætlun fyrir íslensku - 4. bekkur**  
**skólaárið 2017 – 2018**



**Kennari:** Svanhildur Skúladóttir  
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p>	<p>Nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita skýrum og áheyrilegum framburði</li> <li>• tjá sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu</li> <li>• segja frá eftirminnilegum atburði eða endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið</li> <li>• hlusta á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greina frá upplifun sinni</li> <li>• endursegja efni á rafrænu formi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjálfun í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum. Sú þjálfun felst m.a. í að greina munnlega frá eigin reynslu, flytja ljóð eða annan texta fyrir bekkinn, hlusta á aðra og tileinka sér þær reglur sem gilda þegar margir að tjá sig í einu</li> <li>• Ýmis hlustunarverkefni sem reyna á athygli og getu nemenda. Nemendur draga ályktanir varðandi það efni sem tekið er fyrir hverju sinni</li> <li>• Nemendur taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem verður í apríl</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat</p>
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p>	<p>Nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</li> <li>• nýta góðan orðaforða við að skilja texta og ráða í merkingu orðs út frá samhengi</li> <li>• velja sér lestrarefni eftir áhuga og þörf, t.d. sögur, ljóð og fræðandi efni sem hæfa lestrargetu, sér til ánægju og skilnings</li> <li>• lesa ævintýri, sögur og ljóð ætluðum börnum</li> <li>• beita hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap</li> <li>• beita fáeinum algengum hugtökum í</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrahraði og lesskilningur eflur með fjölbreyttu lesefni</li> <li>• Yndislestur</li> <li>• Lestarbækur nýttar með vinnubókum til að þjálfra frekar lestur, lesskilning, skrift og frágang</li> <li>• Getuskipt í lestrarhópa þar sem nemendur lesa upphátt hver fyrir annan. Einnig er unnið í vinnubók</li> <li>• Lesið fyrir nemendur í nestistímum og innihald texta rætt.</li> <li>• Fjölbreyttir kennsluhættir þar sem unnið er með ljóð, vísur og söngva</li> </ul>	<p><b>Lestrarferill (lestrarpróf):</b> Lestrarpróf í september, janúar og maí</p> <p><b>Lesskilningur:</b> Lesskilningspróf verða lögð fyrir mánaðarlega</p>

	<p>bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• afla sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum s.s. bókum og á rafrænu formi</li> <li>• lesa úr táknmyndum og myndrænu efni s.s. einföldum skýringamyndum, kortum og myndböndum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hraðlestrarátak verður á haust- og vorönn.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>	<p>Nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• draga rétt til stafs og skrifa skýrt og greinilega</li> <li>• nýta þekkingu á grunnþáttum varðandi byggingu texta, s.s. upphaf, meginmál og niðurlag</li> <li>• semja texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð</li> <li>• beita einföldum stafsetningarreglum og nota tiltæk hjálpargögn við hæfi</li> <li>• nýta sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis</li> <li>• skrifa texta í tölvu og beita einföldum aðgerðum í ritvinnslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ítölsk tengiskrifti er kennd og lögð er áhersla á þríhyrningsformið</li> <li>• Skrifað er í forskriftarbækur</li> <li>• Lögð er áhersla að draga rétt til stafs, rétt grip og að skrifarhallinn sé réttur</li> <li>• Þjálfun í ritun og sögugerð. Nemendur lesa sögurnar sínar í pontu fyrir samnemendur.</li> <li>• Unnið er með réttiritun og helstu stafsetningarreglur eru þjálfaðar ásamt greinamerkjasetningu</li> </ul>	<p><b>Stafsetning og skrift:</b> Prófað í lok haust- og vorannar, ásamt símati yfir skólaárið</p>
<b>Málfræði</b>	<p>Nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska</li> <li>• þekkja og finna helstu einingar málsins, svo sem bókstaf, orð, samsett orð og málsgrein</li> <li>• raða í stafrófsröð og gera sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag</li> <li>• gera sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með sögum, myndasögum, söngvum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum</li> <li>• Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð</li> <li>• Þjálfun í að raða eftir stafrófsröð</li> </ul>	<p><b>Málfræði:</b> Prófað í lok haust- og vorannar, ásamt ýmsum öðrum könnunarprófum</p>

	<p>sagnorða</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og finna kyn og tölu</li> <li>• búa til málsgreinar og ráða við að greina málsgreinar í eigin texta</li> <li>• greina mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. benda á þau í eigin texta</li> <li>• leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki</li> </ul>		
--	---	--	--

**Námsgögn:**

**Lestur:** Bókasafn kennarans, Lesum meira saman – les- og vinnubók. Það var Skræpa, Sprelligosar – les- og vinnubók, Spennandi sjóferð, Nauðlendingin, Einn í óbyggðum les- og vinnubók, Loftur og gullfuglarnir, Sprengisérfræðingurinn – les- og vinnubók, Smábækur m/samhljóðasambönd, Óskasteinn, Sögusteinn, Róbinson Krúsó, Kóngar í ríki sínu – les- og vinnubók, Kóngar í ríki sínu og Prinsessan Petra – les- og vinnubók, Ljóðsprotar, Ljóðaheftið "Ljóðaleikur" (af netinu).

**Ritun :** Skrift 4, Stafsetningarverkefni, Sögubækur verkefni úr Ritum rétt, Blái blýanturinn, gagnvirkt efni af nams.is.

**Málfræði:** Málrækt 1 , Lesrún 2, Skinna I verkefnabók. Ítarefni: Þristur, efni af skólavefnum og fleira.

**Námsmat:**

Í lok haust- og vorannar er prófað í lestri, lesskilningi, stafsetningu, skrift og málfræði